



Efnisorð – sjaldan er góð vísa of oft kveðin

Ragna Steinarsdóttir

Efni

- Nafnmyndastjórnun efnisorða
 - Nafnmyndaráð Lbs-Hbs
 - Efnisorðaráð
- Þættir nafnmynda
- Marksvið nafnmynda
- Efnisorðagjöf

Nafnmyndavinna

- Fer fram á Landsbókasafni – Háskólabókasafni
 - Meiri vinna hefur verið sett í nafnmyndastjórnun eftir að Alma tók við
 - Fylgst með nýjum nafnmyndum
 - Nafnmyndaráð vinnur úr öllum nýjum heitum, nema efnishugtökum (650)
- Öll efnisorð lúta nafnmyndastjórn
 - Mannanöfn eru eins hvort sem þau eru leitaratriði í 100/700/800 eða efnisorð í 600. Það sama á við um skipulagsheildir
- Efnisorðaráð vinnur úr nýjum efnishugtökum (topical terms) í 650

Efnisorðaráð

- Efnisorðaráð hefur starfað frá því skömmu eftir að Aleph var tekinn í notkun, eða frá apríl 2004 og var stofnað að frumkvæði Landskerfis bókasafna
- Meðlimir efnisorðaráðs: Berglind Hanna Jónsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir
- Hefur haldið 438 fundi
- Fundargerðir eru á vef Landskerfis bókasafna

Efnisorðaráð

- Almennings- og skólasöfn notuðu áður bókasafnskerfið Feng (Dobis-Libis). Þar var prentuð útgáfa af Kerfisbundnum efnisorðalykli lögð til grundvallar lyklun og þar starfaði efnisorðaráð
- Háskóla- og sérfræðisöfn notuðu bókasafnskerfið Libertas (hét Gegnir). Þar var tiltölulega frjáls efnisorðagjöf, enginn lykill lagður til grundvallar, heldur sótt í flettilista
- Efnisorðaráð ákvað að leggja Kerfisbundinn efnisorðalykil Fengssafnanna til grundvallar, bæta við hann orðum úr Libertas
 - Margrét Loftsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir hófu vinnu við Kerfisbundinn efnisorðalykil um 1990. 1. útg. kom 1992, 2. útg. 1996 og 3. útg. 2001

Starf efnisorðaráðs

- Efnisorðaráð er enn að vinna úr efnisorðunum sem komu úr Libertas
- Ráðið hittist hálfsmánaðarlega, vinnur úr tölvupóstum með tillögum að efnisorðum sem berast, fer yfir lista af ósamþykktum efnisorðum og fer yfir ný efnisorð sem sett eru inn í bókasafnskerfið
 - Enn er talsvert af ósamþykktum efnisorðum, sem ekki er til nafnmyndafærsla fyrir, en hefur þó fækkað umtalsvert

Endurskoðun og viðbætur

- Sífelld endurskoðun nauðsynleg:
 - Ný þekking/tækni krefst nýrra valorða og þeim þarf að skipa í stigveldi
 - Breyting á málnotkun
 - Dæmi: mongólisti => Downs heilkenni
 - Negrar og Svertingjar voru tekin út sem vikorð. Enginn leitar lengur að þeim orðum og þau birtast hvergi í leitir.is eða Gegni
 - Upplýsingar um tiltekið efni mega ekki dreifast á mismunandi efnisorð. Nota á aðeins eitt valorð sem lýsir efnisinnihaldinu

Lykilskrá

- Árið 2013 opnaði Landsbókasafn Íslands Lykilskrá á vefnum <http://lykilskra.landsbokasafn.is>. Skráin er dregin vikulega úr nafnmyndaskrá Gegnis
- Nýtist við skráningu í Skemmuna og önnur gagnsöfn sem ekki eru í Gegni
 - Í þessum gagnsöfnum er efnisorðaskrá Gegnis ekki virk, einungis höfð til hliðsjónar við val á orðum, gögnin breytast ekki eins og í Gegni

Þættir nafnmyndaskrár Gegnis

Í nafnmyndaskrá eru samþykktar, staðlaðar nafnmyndir

- Mannanöfn
- Höfundargreindir titlar og seríur
- Skipulagsheildir: stofnanir, fyrirtæki, hljómsveitir, mannvirki o.fl.
- Efnishugtök
- Landfræðiheiti
- Samræmdir titlar klassískra verka
- Viðburðir: ráðstefnur, sýningar o.fl.

CIL og LC

- Við höfum aðgang að tveimur nafnmyndaskráum í Gegni
- Við látum LC um að stjórna erlendum nafnmyndum
 - Mannanöfnum, erlendum skipulagsheildum, erlendum landfræðiheitum
- Við gerum nafnmyndafærslur fyrir Íslendinga, íslensk efnisorð og landfræðiheiti
 - Íslenskuð landfræðiheiti og íslensk heiti skipulagsheilda s.s. alþjóðastofnana og stjórnmalaflokka
- Síðari vísir 7 + \$\$2 cil er auðkenni fyrir íslenskar nafnmyndir í Gegni

Marksnið nafnmyndafærslu – íslensk efnisorð

1xx #4 Valorð

4xx #4 Vikorð

5xx #4 Skylt heiti

5xx #4 Víðara heiti \$\$w g

5xx #4 Þrengra heiti \$\$w h

670 Heimild um heitið

680 Umfangslýsing

Marksnið: Helstu svið fyrir efnisorð í bókfræðigrunni

- 600 Mannanöfn
- 600 + deilisvið t (titlar): Umfjöllun um höfundargreint verk
- 610 Skipulagsheildir (stofnanir, fyrirtæki, hljómsveitir o.fl.)
- 611 Viðburðir
- 650 Efnishugtök
- 651 Landfræðiheiti
- 630 Samræmdir titlar klassískra verka, samningar, spil, forrit o.fl.

Síðari vísir 7 + \$\$2 cil er auðkenni fyrir íslenskar nafnmyndir í Gegni

Nafnmyndastjórnun efnishugtaka

Lykilatriði nafnmyndastjórnunar:

- Að safna saman því sem saman á
 - Dæmi: Bílar/Bifreiðar, Hestar/Hross
- Að aðgreina það sem ekki má falla saman – með nánari skýringu í sviga
 - Dæmi: Vín, Horn, Framburður, Mál, Lög
- Þetta á einnig við um mannanöfn. Við aðgreinum alnafna með fæðingarári. Ef þarf frekari aðgreiningu má nota starf eða stað:
 - Helga Kristín Gunnarsdóttir 1957- (kennari)
 - Helga Kristín Gunnarsdóttir 1957- (sagnfræðingur)

Nýjar nafnmyndir – skyldur skrásetjara

- Velja rétt svið
- Aðgreina ef þörf er á
 - Mannanöfn með ártali eða starfsheiti ef ártal dugir ekki
 - Landfræðiheiti – Helgafell, Búrfell, Þverá
 - Ganga úr skugga um að nýtt efnishugtak sé viðurkennt hugtak og senda rökstuðning til efnisorðaráðs ef þarf

Val á sviði fyrir efnisorð

- Hjálpartæki: Alphabetical List of Ambiguous Headings
<https://www.loc.gov/marc/ambiguous-headings.html>
- Við reynum að fylgja þessum lista og því sem Library of Congress gerir

Val á sviði fyrir efnisorð

- Tilteknir almenningsgarðar eru í 651, en grasagarðar í 610
 - Grasagarðurinn gerir kannski ársskýrslu og þ.a.l. þarf að vera hægt að nota nafnmyndina í 110 eða 710. Hljómskálagarðurinn er ekki „stofnun“, heldur landfræðilega afmarkaður staður í borginni
- Forrit, spil og leikir eru í 630
- Sögupersónur eru í 100
 - LC notaði 650 sviðið fyrir sögupersónur og þannig er það í Alphabetical List of Subject Headings, en nú sjáum við að LC notar 100 sviðið fyrir t.d. Poirot. Þau eru farin að gera eins og við!
 - Hallgerður langbrók, Gunnar á Hlíðarenda, Guðrún Ósvífursdóttir – erfitt að greina hvort þetta eru sögupersónur eða raunverulegar persónur

Skipulagsheildir

- Alþjóðastofnanir sem eiga sér íslenskt heiti fá íslenska nafnmynd
- Einnig aðrar þekktar, algengar nafnmyndir
 - Verkamannaflokkurinn í Bretlandi
 - Repúblikanar í Bandaríkjunum
 - Bítlarnir (hljómsveit)
- Gerð er frávísun fyrir erlendu nafnmyndina eins og hún er í LC

Landfræðiheiti

- Aðgreina! Laxá, Búrfell ...
 - Nota mannanmál: Reykholt í Borgarfirði, ekki Reykholt (Borgarfjörður)
 - Vandamál með í eða á - má komast hjá með því að nota kommu ef maður er óviss (Laxá á Refasveit)
 - Senda leiðréttingar: ragna.steinarsdottir@landsbokasafn.is
 - Hjálpartæki: Kortasjá Landmælinga/NÍ: [Kortasjá - Náttúrufræðistofnun](#)
- Erlend landfræðiheiti í 651#0 – velja flipann LCNAMES
 - Talsverð óreiða í flettileitinni í Gegni
 - Stundum til samþykkt, íslensk nafnmynd fyrir erlent heiti og þá á að velja hana
 - Bergen er samþykkt í 650#7. Nova Scotia ósamþykkt og á að vera í 650#0
 - Unnið er að leiðréttingum

Efnishugtök - 650

- Mikið er enn af ósamþykktum efnisorðum sem ættuð eru úr fyrri bókasafnskerfum, Aleph, Libertas og Feng
- Efnisorðaráð vinnur úr þeim meðfram nýjum tillögum
 - Hljóta ekki öll náð fyrir augum efnisorðaráðs
 - Stundum um samheiti að ræða við þegar samþykkt efnisorð

Efnishugtök - 650

- Óhætt að setja ný, ósamþykkt efnisorð í færslur. Þau birtast í listum yfir ný efnisorð í kerfinu
- Ef þið viljið teljið að nýtt efnisorð sé nauðsynlegt er rétt að senda póst með rökstuðningi til efnisorðaráðs efnisordarad@landskerfi.is
 - Vísa gjarnan í heimildir fyrir orðinu
 - Nota má ósamþykkt orð sem finnast í flettilista og þarfnast samþykktar:
 - Súmerskar bókmenntir, Regnhlífar eru nýsamþykkt orð sem hafa verið lengi í ósamþykkt
- Dæmi um ný hugtök: Rafrænar undirskriftir, Draugaverkir, Upprunaábyrgð raforku

Efnisorðagjöf

- Hafa hugfast að við erum að lykla fyrir alla notendur kerfisins, ekki bara notendur okkar safns
- Við viljum ekki leiða notendur á villigötur með því að gefa efnisorð ef ekki er bitastæð umfjöllun um efnið í viðfangi
- Gott að hafa [Lykilskrá](#) opna. Þar er þægilegt yfirlit á mannamáli (ekki markísku)

Efnisorðagjöf - 20% viðmið

- Tiltekið efnisorð skal aðeins notað ef það á við um að minnsta kosti 20% af umfjöllunarefni viðfangsins
 - Á við um efnishugtök (topical terms) í sviði **650**
- Ýmis atriði geta kallað á fleiri efnisorð, til dæmis:
 - Ef hluti viðfangs fjallar um Ísland eða íslenskt efni
 - Tímabil t.d. tvær eða fleiri aldir
 - Söguleg umfjöllun eða þrengri efnisorð sem falla undir hana
 - Einstaklingar, landfræðiheiti og titlar
 - Samsett efnisorð geta orðið til þess að fjölga efnisorðum og geta talist saman sem 20%, t.d. *Íþróttir fatlaðra + Knattspyrna* eða *Konur + Hjartasjúkdómar*

Efnisorðagjöf – 20% viðmiðið

- LC-efnisorð teljast ekki með heildarfjölda efnisorða heldur eru talin sér. Þau standa óbreytt í innfluttum færslum og eru sjaldnast fleiri en fimm
 - Almennt eru skrásetjarar í Gegni ekki að gefa ný ensk efnisorð nema sérstakt tilefni sé til

Efnisorðagjöf – nákvæmni í vali

- Efnisorð skulu vera hnitmiðuð og lýsandi fyrir efni viðfangsins
 - Forðast samheitalyklun – velja mest lýsandi efnisorðið
 - Ekki Heimspeki + Saga + Heimspekisaga
- Varast að nota eingöngu efnisorð sem fengin eru úr titli
- Lyklun skal vera eins þröng og efnissvið viðfangsins gefur tilefni til. Breið umfjöllun kallar á við efnisorð, en sértæk umfjöllun á þrengri efnisorð

Efnisorð – víð / þröng

- Í Lykilskrá og Gegni er stundum mælt fyrir um að nota saman þrengri og víðari heiti, t.d. þegar um er að ræða Sjálfsævisögur skal einnig nota Ævisögur ásamt nafni einstaklingsins sem fjallað er um
- Efnisorðið Íslandssaga er ekki notað ef aðeins er fjallað um atvinnusögu ákveðins byggðarlags
- Efnisorðið Ísland er ekki notað um allt sem gerist á Íslandi, heldur aðeins þegar Ísland er sérstaklega til umfjöllunar, oft í samanburði við önnur lönd
- Mjög þröng efnisorðagjöf getur leitt til þess að notendur missa af efni í leit

Lyklun skáldverka

- Skáldverk fá efnisorð fyrir tegund skáldskapar t.d. *Ljóð, Smásögur, Skáldsögur* og uppruna bókmenntanna t.d. *Íslenskar bókmenntir, Franskar bókmenntir*
- Alltaf skal lykla þýðingar á íslenskum skáldverkum með efnisorðum sem segja til um tungumál þýðingarinnar t.d. *Þýðingar á dönsku, Þýðingar á ensku* og þýðingar á íslensku með efnisorðum sem segja til um upprunalegt tungumál t.d. *Þýðingar úr ensku, Þýðingar úr þýsku*
 - *Þýðingar á ...* má nota um efni sem ekki er upprunalega á íslensku telji lyklari að það gagnist notendum

Lyklun skáldverka

- Við lyklun skáldverka er umfjöllunarefni skáldsögunnar almennt ekki lyklað
 - T.d. ef sögupersóna í skáldsögu glímir við krabbamein gefur það ekki tilefni til þess að nota efnisorðið *Krabbamein*. Slík lyklun gerir það að verkum að skáldsögur birtast í leit að fræðilegri umfjöllun um efnið

Mótun heita - samsett heiti

- Þáttgreining – samsett efnisorð
 - Íþróttir fatlaðra eða Fatlaðir + Íþróttir
 - Íþróttir fatlaðra + Krikket
 - [Rannsóknir](#), Hönnun – það er hægt hanna allskonar hluti og rannsaka fjölmargt. Einnig Mælingar
 - Bókasafnskerfin geta ekki vísað í tvö orð:
 - Hönnun bygginga – getum ekki haft það sem vikorð við bæði Hönnun og Byggingar, þurfum að velja annað
 - Geislahitun er ekki hægt að leysa upp í Geislar + Hitun. Þetta er ein tegund húshitunar og hefur í raun lítið með Geisla að gera

Mótun heita - samheitaígildi

- Samheiti = tvö orð eða fleiri orð bera sömu merkingu. Eitt er valið sem valorð, hin eru vikorð
 - Dæmi: Bíll/Bifreið
- Samheitaígildi = heiti sem í daglegu máli eru almennt talin hafa álíka eða andstæða merkingu, en eru við lyklun meðhöndluð eins og um samheiti sé að ræða
 - Dæmi: Læsi NF Ólæsi, Frost/Þíða – tvær hliðar á sama peningi
 - Dæmi: Gildismat NF Lífsskoðanir. Ekki alveg það sama en hagkvæmt að safna saman

Afmörkun hugtaka

- **Samyrði** eru heiti sem rituð eru á sama hátt en hafa mismunandi merkingu. Þá þarf að fylgja efnisorðinu skýring sem sett er í sviga fyrir aftan efnisorðið og er **órjúfanlegur hluti þess**

Dæmi: Framburður (jarðfræði), Framburður (lögfræði), Framburður tungumála, Framburður straumvatna N Aurburður

Afleiður (efnafræði), Afleiður (verðbréf)

Víddarlyklun

- Víddarlyklun nefnist þegar farið er með yfir- og undirheiti sem jafngild heiti og víðara heitið notað sem valorð
 - þegar vísað er frá þrengri heitum (vikorðum) til víðara heitis
- Dæmi: Gafflar N Hnífapör (ekki raunverulegt dæmi)
- En: Skeiðar (1), Spónar (2) VH Hnífapör (1)
 - Hér erum við að dreifa efni of mikið